# SPARISJÓÐUR SUÐUR-ÞINGEYINGA





# ÁRSREIKNINGUR 2003

# Sparisjóður Suður-Þingeyinga

# Ársreikningur
# 2003

Sparisjóður Suður-Þingeyinga
Kjarna
650 Laugar
Kt. 530990-2149

# Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn | 3 |
| Áritun endurskoðenda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2003 að fjárhæð 14,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 289,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um sparisjóði er 22,9% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður til stofnfjáraðila á árinu 2004 vegna ársins 2003. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 3,2 millj. kr. og skiptist það á 172 aðila.

Á árinu störfuðu 13 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum og námu launagreiðslur samtals 35,7 millj. kr.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Laugum, 5. apríl 2004.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga

Ari Teitsson
formaður

Sigtryggur Vagnsson

Þórhallur Hermannsson

Dagur Jóhannesson

Björn G. Yngvason

Sparisjóðsstjóri

Margrét Hólm Valsdóttir

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 45. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sparisjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 5. apríl 2004.

***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2003

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 17.772.806 | 25.177.507 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 126.546.192 | 137.715.833 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 1.822.208 | 1.313.886 |
| | 4 | 146.141.206 | 164.207.226 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 333.802 | 1.241.427 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 52.995.892 | 71.277.917 |
| Önnur vaxtagjöld | | 0 | 0 |
| | 4 | 53.329.694 | 72.519.344 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 92.811.512 | 91.687.882 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 31,32 | 4.396.200 | 2.458.752 |
| Þjónustutekjur | | 32.758.751 | 31.438.429 |
| Þjónustugjöld | | ( 5.104.733) | ( 4.495.901) |
| Gengishagnaður (gengistap) | 15 | 2.792.503 | ( 717.808) |
| Ýmsar rekstrartekjur | 16 | 1.998.445 | 43.030.968 |
| | | 36.841.166 | 71.714.440 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 129.652.678 | 163.402.322 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 17,18 | 42.275.914 | 38.819.695 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 44.324.458 | 45.888.912 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 11,33 | 2.598.315 | 3.415.537 |
| | | 89.198.687 | 88.124.144 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 28 | ( 19.238.773) | ( 27.499.432) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 21.215.218 | 47.778.746 |
| Tekjuskattur | 12,40 | ( 4.968.076) | ( 8.601.729) |
| Eignarskattur | | ( 1.559.080) | ( 1.089.416) |
| **Hagnaður ársins** | 42 | 14.688.062 | 38.087.601 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir:** | | | |
| Sjóður | | 24.529.581 | 15.665.185 |
| Kröfur á lánastofnanir | 22 | 417.370.759 | 409.720.308 |
| | | 441.900.340 | 425.385.493 |
| **Útlán til viðskiptamanna:** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | | 929.177.646 | 889.849.464 |
| Fullnustueignir | | 31.082.206 | 20.576.834 |
| | 23-28 | 960.259.852 | 910.426.298 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | 10,29 | 34.115.363 | 10.681.844 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 10,30,31 | 97.131.479 | 99.031.667 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 10,32 | 37.379.487 | 33.591.831 |
| | | 168.626.329 | 143.305.342 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 11,33 | 29.477.352 | 32.075.668 |
| Ýmsar eignir | | 165.244 | 120.823 |
| Áfallnar tekjur | | 1.871.809 | 1.873.710 |
| | | 31.514.405 | 34.070.201 |
| **Eignir samtals** | | 1.602.300.926 | 1.513.187.334 |

# 31. desember 2003

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir við lánastofnanir** | 37 | 2.770.030 | 9.615.661 |
| **Innlán:** | | | |
| Óbundin innlán | | 871.934.288 | 819.714.265 |
| Bundin innlán | 38 | 367.328.808 | 349.479.604 |
| | | 1.239.263.096 | 1.169.193.869 |
| **Aðrar skuldir:** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 20.350.627 | 16.012.913 |
| Áfallin gjöld | | 6.768.647 | 5.165.398 |
| | | 27.119.274 | 21.178.311 |
| **Tekjuskattsskuldbinding** | 40 | 21.326.179 | 16.358.103 |
| **Víkjandi lán** | 14,41 | 21.990.653 | 21.407.422 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | | 3.206.905 | 3.042.203 |
| Varasjóður | | 286.624.789 | 272.391.765 |
| Eigið fé samtals | 42-43 | 289.831.694 | 275.433.968 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 1.602.300.926 | 1.513.187.334 |
| **Utan efnahagsreiknings:** | | | |
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 44 | | |
| Aðrar skuldbindingar | 45 | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2003

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 42 | 14.688.062 | 38.087.601 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur | | (7.142.974) | (4.849.286) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 28 | 19.238.773 | 27.499.432 |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | 40 | 4.968.076 | 8.601.729 |
| Aðrir liðir | | 2.930.491 | (39.716.405) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 2.074.909 | (1.338.455) |
| Handbært fé frá rekstri | | 36.757.337 | 28.284.616 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á lánastofnanir, breyting | | (13.686.102) | (75.944.043) |
| Útlán, breyting | | (54.979.576) | 53.008.409 |
| Fjárfestingarskuldabréf, breyting | | (21.611.311) | 7.571.919 |
| Veltuhlutabréf, breyting | | (1.713.399) | (84.999.980) |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | (506.247) | 53.314.138 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | 0 | (1.751.670) |
| Ýmsar eignir, breyting | | (44.421) | 2.131.713 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (92.541.056) | (46.669.514) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | (6.845.631) | (25.472.367) |
| Innlán, breyting | | 61.880.473 | 93.063.806 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 3.867.958 | (89.244) |
| Innborgað stofnfé | 42 | 12.592 | 0 |
| Víkjandi lán breyting | | 0 | (4.971.939) |
| Greiddur arður af stofnfé | 42 | (302.929) | (786.463) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 58.612.463 | 61.743.793 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 2.828.744 | 43.358.895 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 77.745.450 | 34.386.555 |
| **Handbært fé í árslok** | 13 | 80.574.194 | 77.745.450 |

## Aðrar upplýsingar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Arður frá hlutdeildarfélögum | | 572.764 | 574.999 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

***Grundvöllur reikningsskilanna***

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og hann er í íslenskum krónum.

2. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild í tapi þeirra hærri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema sjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

***Erlendir gjaldmiðlar***

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2003. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

***Vaxtatekjur og vaxtagjöld***

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

***Þjónustutekjur***

5. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

***Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum***

6. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismuni af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

***Útlán***

7. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismuni í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2004 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2003.

8. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi

9. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í ársreikningi sparisjóðsins.

***Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum***

10. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði sé það lægra. Skráð veltuhlutabréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok, en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

***Rekstrarfjármunir***

11. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Húseignir | 50 ár |
| Húsbúnaður og skrifstofuáhöld | 3-5 ár |

***Tekjuskattsskuldbinding***

12. Tekjuskattsskuldbinding sparisjóðsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs taps. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og í ársreikningi hins vegar.

***Handbært fé***

13. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 44,9 millj. kr. í árslok.

***Víkjandi lán***

14. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. skýringu 41. Endurgreiðslu verður ekki flýtt samkvæmt ákvæðum bréfanna og ekki er heimilt að breyta þeim í eigið fé. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

## Aðrar rekstrartekjur

15. Gengishagnaður (gengistap) sundurliðast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | 2.172 | (718) |
| Veltuhlutabréf | 3.626 | 0 |
| Niðurfærsla hlutabréfa | (3.005) | 0 |
| Samtals | 2.793 | (718) |

16. Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum | 0 | 41.198 |
| Aðrar rekstrartekjur | 1.998 | 1.833 |
| Samtals | 1.998 | 43.031 |

## Starfsmannamál

17. Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 13 | 12 |
| Stöðugildi í árslok | 11 | 10 |

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 35.659 | 33.127 |
| Launatengd gjöld | 6.617 | 5.693 |
| Samtals | 42.276 | 38.820 |

19. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra greinast þannig:

| | 2003 |
|---|---|
| Stjórnarformaður | 401 |
| Aðrir stjórnarmenn | 802 |
| Sparisjóðsstjóri | 5.318 |
| Samtals | 6.521 |

20. Sparisjóðurinn hefur ekki veitt stjórnarmönnum lán, en lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna eru ekki meðtalin.

21. Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 768 | 1.043 |
| Önnur þjónusta | 913 | 415 |
| Samtals | 1.681 | 1.458 |

## Sjóður og kröfur á lánastofnanir

22. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 56.045 | 62.080 |
| Allt að 3 mánuðir | 340.052 | 300.590 |
| Bundnar kröfur á Sparisjóðabanka Íslands hf. samkvæmt reglum um bindiskyldu | 21.274 | 47.050 |
| Samtals | 417.371 | 409.720 |

## Útlán til viðskiptamanna

23. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 284.973 | 219.139 |
| Afurða- og rekstrarlán | 6.238 | 10.420 |
| Víxlar | 15.451 | 28.608 |
| Skuldabréf | 622.516 | 631.682 |
| Samtals | 929.178 | 889.849 |

24. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 1,8% | 1,5% |
| Atvinnugreinar: | | |
| Landbúnaður | 15,8% | 16,2% |
| Sjávarútvegur | 5,2% | 3,5% |
| Verslun | 6,8% | 6,5% |
| Iðnaður og verktakar | 12,9% | 13,6% |
| Þjónusta | 12,1% | 12,8% |
| Einstaklingar | 41,3% | 41,9% |
| Annað | 4,1% | 4,0% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

25. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 94.859 | 108.005 |
| Allt að 3 mánuðir | 207.547 | 158.278 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 105.584 | 95.833 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 265.445 | 284.532 |
| Yfir 5 ár | 255.743 | 243.201 |
| Samtals | 929.178 | 889.849 |

26. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu söluverði.

27. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok ársins nemur 77,8 millj. kr. og greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 75.651 | 61.501 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 42.921 ) | ( 35.009 ) |
| Önnur vaxtafryst útlán | 45.111 | 40.742 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals | 77.841 | 67.234 |

28. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

| | Afskriftareikningur Sérstakur | Afskriftareikningur Almennur | 2003 Samtals | 2002 Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun | 35.009 | 25.445 | 60.454 | 48.235 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 18.312 | 927 | 19.239 | 27.499 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 10.400) | | ( 10.400) | ( 15.280) |
| Afskriftareikningur útlána í árslok | 42.921 | 26.372 | 69.293 | 60.454 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | | | 6,7% | 6,4% |

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

29. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Skráð skuldabréf | 22.899 | 22.899 |
| Fjárfestingarskuldabréf: | | |
| Óskráð skuldabréf | | 11.216 |
| | | 34.115 |

Af framangreindum bréfum kemur ekkert til greiðslu á næsta ári. Skuldabréfin eru útgefin af opinberum aðilum.

30. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands | 86.710 | 86.710 |
| Fjárfestingarhlutabréf: | | |
| Óskráð hlutabréf | | 10.421 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals | | 97.131 |

31. Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

| | Eignar-hlutur | Arður | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| SP-Fjármögnun hf., Reykjavík | 0,9% | | 3.762 | 5.942 |
| Greiðslumiðlun hf., Reykjavík | 0,4% | 508 | 1.576 | 2.328 |
| Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis, Höfn | 0,6% | | 444 | 833 |
| Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík | 0,3% | 100 | 3 | 1.286 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi | 1,2% | | 30 | 32 |
| | | 608 | | 10.421 |

32. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignar- hlutur | Hagnaðar- hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hlutir í lánastofnunum: | | | | |
| Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík ................... | 1,3% | 3.418 | | 31.931 |
| Hlutir í öðrum félögum: | | | | |
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík ............................ | 0,9% | 422 | | 3.406 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi .................. | 1,2% | ( 52) | | 2.042 |
| | | 370 | | 5.448 |
| Hlutdeildarfélög alls .................................................. | | 3.788 | | 37.379 |

## Aðrar eignir

33. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Húseignir | Húsbúnaður og skrifstofuáhöld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1.2003 ..................................................... | 39.250 | 15.869 | 55.119 |
| Afskrifað áður ............................................................ | ( 13.570) | ( 9.474) | ( 23.044) |
| Bókfært verð 1.1.2003 ................................................ | 25.680 | 6.395 | 32.075 |
| Afskrifað á árinu ........................................................ | 785 | 1.813 | 2.598 |
| Bókfært verð 31.12.2003 ........................................... | 24.895 | 4.582 | 29.477 |
| Afskriftarhlutföll ........................................................ | 2% | 20-33% | |

Fasteignamat húseigna og lóða í árslok nam 18,5 millj. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 63,6 millj. kr. Vátryggingaverð húsbúnaðar var 45,9 millj. kr. í árslok.

## Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfélög

34. Kröfur á hlutdeildarfélög námu 381,7 millj. kr. í árslok og skuldir á sama tíma námu 2,8 millj. kr.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

35. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 562,8 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 316,9 millj. kr.

36. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 17,6 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 4,0 millj. kr.

## Skuldir við lánastofnanir

37. Skuldir við lánastofnanir sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 277 | 3.332 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 2.493 | 6.283 |
| Samtals | 2.770 | 9.615 |

## Innlán

38. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 162.528 | 171.465 |
| Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári | 66.747 | 76.131 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 114.557 | 90.942 |
| Yfir 5 ár | 23.497 | 10.942 |
| Samtals | 367.329 | 349.480 |

## Skattamál

39. Sparisjóðurinn mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2004 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt tap sparisjóðsins í árslok 2003 nam 22,9 millj. kr. og er fært til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Til ársins 2008 | 8.934 |
| Til ársins 2009 | 13.931 |
| Samtals | 22.865 |

## Tekjuskattsskuldbinding

40. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 16.358 |
| Tekjuskattur vegna ársins | 4.968 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 21.326 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutir í félögum | 24.807 |
| Rekstrarfjármunir | 634 |
| | 25.441 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 4.115) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 21.326 |

## Víkjandi lán

41. Víkjandi lán námu 22,0 millj, kr. í árslok, höfuðstóll þeirra verður greiddur eftir tvö ár en vextir, sem eru 7,0%, greiðast árlega.

## Eigið fé

42. Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2003 | 3.042 | 272.392 | 275.434 |
| Greiddur arður af stofnfé | | ( 303 ) | ( 303 ) |
| Endurmat stofnfjár | 152 | ( 152 ) | 0 |
| Innborgað stofnfé | 13 | | 13 |
| Hagnaður ársins | | 14.688 | 14.688 |
| Eigið fé 31.12.2003 | 3.207 | 286.625 | 289.832 |

43. Eigið fé í árslok nemur 289,8 millj. kr. eða 18,1% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 22,9%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| | Bókfærð staða | Vegin staða | |
|---|---|---|---|
| | | 2003 | 2002 |
| Áhættugrunnur: | | | |
| Bókfærðar eignir | 1.602.300 | 1.176.545 | 1.102.382 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | ( 28.843 ) | ( 26.494 ) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 29.387 | 32.865 |
| Áhættugrunnur samtals | | 1.177.089 | 1.108.753 |
| Eigið fé: | | | |
| Eiginfjárþáttur A: | | | |
| Bókfært eigið fé | | 289.832 | 275.434 |
| Eiginfjárþáttur B: | | | |
| Víkjandi lán | | 8.791 | 12.504 |
| Eignarhlutir í fjármálastofnunum | | ( 28.843 ) | ( 26.494 ) |
| Eigið fé samtals | | 269.780 | 261.444 |
| Eiginfjárhlutfall | | 22,92% | 23,6% |

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

44. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna ........................................................ | 29.387 | 32.865 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir ........................................................................ | 90.872 | 71.991 |

45. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Þar sem heildareignir Tryggingasjóðs ná ekki tilskyldu lágmarki hvílir skuldbinding að fjárhæð 1,3 millj. kr. á sparisjóðnum. Skuldbindingin er ekki færð í ársreikninginn.